



SPEGILL FORTÍÐAR - SILFUR FRAMTÍÐAR

Fræðsludagskrá veturinn 2010-2011 í

Sjóminjasafni Reykjavíkur – Víkinni, Grindavík og á Snæfellsnesi

1

LAUGARDAGUR 6. NÓVEMBER 2010. KLUKKAN 11:00 – 13:00

SJÓMINJASAFNIÐ VÍKIN

Hann á afmæli hann Óðinn!

Óðinn reyndist sérlega vel sem björgunarskip, dró alls tæplega 200 skip til lands eða í landvar vegna bilana, veiðarfæra í skrúfu eða eldsvoða um borð. Áhöfn hans bjargaði áhöfnum strandaðra og sökkvandi skipa. Varðskipið Óðinn tók þátt í öllum þremur þorskastríðunum á 20. öldinni. Nú er hann bundinn við bryggju og er hluti Sjóminjasafns Reykjavíkur. Í tilefni 50 ára afmælis Óðins verður vegleg dagskrá honum til heiðurs. Guðmundur Hallvarðsson, fyrrv. Alþingismaður og formaður Hollvínasamtaka Óðins heldur tölu, lesið verður úr nýutkominni bók um skipið, sýnd ný kvikmynd (25 mín) um sögu þess og fyrrum skipverjar ganga með gestum um skipið.

2

LAUGARDAGUR 4. DESEMBER 2010. KLUKKAN 11:00 – 13:00

SJÓMINJASAFNIÐ VÍKIN

Sail Húsavík – norræn strandmenningarhátíð sumarið 2011

Í júlí 2011 verður fyrsta norræna strandmenningarhátíðin haldin á Húsavík. Að hátíðinni standa norræn félög á sviði strandmenningar, ásamt heimamönnum og er hún sú fyrsta sinnar tegundar. Handverk, tónlist, matur, ráðstefnur og málþing er meðal þess sem á dagskránni verður að finna. Sigurbjörg Arnadóttir, formaður Íslenska vitafélagsins – félags um íslenska strandmenningu kynnir hátíðina.

3

LAUGARDAGUR 15. JANÚAR 2011. KLUKKAN 11:00 – 13:00

SJÓMINJASAFNIÐ VÍKIN

Örfirisey

Munnmælasagnir herma að öndvegissúlur Ingólfs hafi rekið á land í Örfirisey. En vitað er með vissu að í Örfirisey hefur verið verslun, lýsisbræðsla, frystihús, sundlaug, hagaganga, aðsetur bandaríska hersins og að árið 1799 gekk yfir svo nefnt Bátsendaveður sem eyddi þar allri byggð um sinn. Sigrún Magnúsdóttir, verkefnastjóri Sjóminjasafns Reykjavíkur og fl. segja frá búsetu og strandmenningu í Örfirisey sögu hennar og landhátum.

Sjávarnytjar við Ísland

Frá fyrstu tíð hefur þjóðin nýtt afurðir hafsins sér til lifsviðurværis. Jafnt þörungur sem hryggleysingar, fiskar og sjávarspendýr hefur verið á borðum landsmanna og hin síðari ár hafa afurðir hafsins einnig verið nýttar í fæðubótaefni og fegrunarlyf.

4**LAUGARDAGUR 5. FEBRÚAR 2011. KLUKKAN 11:00 – 13:00**
SJÓMINJASAFNIÐ VÍKIN***Farandverkafólk og sjókonur fyrri alda***

Á áttunda áratug síðustu aldar urðu viss straumhvörf í efnahagskerfi heimsins. Hagvöxtur snarminkaði, tekjur af framleiðslu og verslun drógust saman, atvinnuleysi gerði vart við sig. Það var verið að tæknivæða sjávarútveginn með skuttogarakaupum, byggja og endurnýja frystihús og endurskipuleggja vinnuferli í vinnslunni. Íbúum smærri útgerðarstaða fækkaði stórlega. Fjöldmenn kynslóð um tvítugt var að hleypa heimdraganum, og ekki aðeins á Íslandi. Ungar erlendar konur í hundraðatali áttu tímabundið greiða leið inn í þetta nýstárlega vinnuumhverfi. Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, sagnfræðingur fjallar um farandverkafólk í sjávarútvegi og hagsveiflur á áttunda áratug.

Fast þær sóttu sjóinn

Ragnhildur Bragadóttir, sagnfræðingur segir frá sjókonum fyrri alda sem þurftu að lúta valdi karla og setjast ófrískar undir árar og fæddu jafnvel börn á sjó.

5**LAUGARDAGUR 5. MARS 2011. AÐALFUNDUR, BÁTAR OG GANGA UM STRANDMINJAR Á ÁLFTANESI*****Aðalfundur íslenska vitafélagsins – félags um íslenska strandmenningu***

Að fundi loknum verður dagskrá um bátasmiði og siglingar og gengið verður um Álftanes undir leiðsögn Valdmars Harðarsonar. Fyrirhugað er að halda fundinn í Hafnarfirði og verður staður og stund auglýst síðar á heimasíðu félagsins.

6**ÞRIÐJUDAGUR 26. MARS 2011. KLUKKAN 13:00 – 16:00****SALTFIKSETRID GRINDAVÍK*****Selatangar***

Fyrr á öldum var líflegt um að litast á Selatöngum. Þar var verstöð og mikið útræði og frá Selatöngum gengu skip frá biskupsstólum í Skálholti. Nú ganga hvorki skip frá biskupstóli né önnur fley frá Selatöngum, þó enn sé að finna þar leyfar gamalla búðatöfta og garða og fleiri spor frá liðnum tíma.

Er hægt að vernda Selatanga og samtímis að skapa þar ný atvinnutækifæri?

Á fræðslufundi í Saltfisksetrinu ætlum við að velta þessum spurningum upp ásamt Agnesi Stefánsdóttur, fornleifafræðingi hjá Fornleifavernd ríkisins, Jóni Þ. Þór, sagnfræðingi, Róberti Ragnarssyni, bæjarstjóra, heimamönnum og gestum.

7**LAUGARDAGUR 17 – 18 APRÍL****VORFERÐ ÍSLENSKA VITAFÉLAGSINS – FÉLAGS UM ÍSLENSKA STRANDMENNINGU*****Hellissandur – Gufuskálar***

Viða á Snæfellsnesi er að finna merk spor um sjóróðra og Fiskibyrgin á Gufuskáalum eru friðlýstar minjar. En eru þau eingöngu minjar um fisk eða kannski fornir bústaðir írskra einsetumanna? Ferð um Fiskibyrgin og sjóvarir undir leiðsögn Skúla Alexanderssonar og annarra heimamanna á laugardeginum. Málþing um kvöldið þar sem sérfróðir aðilar úr héraði og frá Fornleifavernd ræða stöðu og framtíð minja við sjávarsíðuna. Unnið er að því að fá tilboð í gistingu og fl.

DAGSKRÁIN AUGLÝST NÁNAR SÍÐAR

ATH!

Hugsanlegt er að einhverjar breytingar verði á dagskránni og þá verða þær tilkynntar á heimasíðu félagsins www.vitafelagid.com